

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 391. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 8. maí 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:30.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2024. Seinni umræða. Endurskoðendur mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð 28. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 6. maí 2025.
- 3) Fundargerð 70. stjórnarfundar Jeratúns, dags. 25. apríl 2025.
- 4) Fundargerðir 973., 974., 975., 976., 977. og 978. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. mars, 19. mars, 20. mars, 4. apríl, 11. apríl og 30. apríl 2025.
- 5) Fundargerðir 470. og 471. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 19. feb. og 28. mars 2025.
- 6) Fundargerðir 85., 86., 87. og 88. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 19. mars, 28. mars, 1. apríl og 15. apríl 2025.
- 7) Fundargerð 80. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 12. mars 2025.
- 8) Aðalfundarboð Nýsköpunamets Vesturlands, dags. 6. maí 2025.
- 9) Bréf frá verkefnastjóra Umhverfissvottunar Snæfellsness, dags. 7. mars 2025, varðandi ábyrgðaraðila Snæfellsbæjar vegna aðgerðaráætlunar um sjálfbærnistefnu Snæfellsness og næstu skref sveitarfélagsins.
- 10) Bréf frá Félagsmiðstöðinni Afdrep, varðandi ósk um styrk vegna Ævintýranámskeiðs 2025.
- 11) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 16. apríl 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Matarlistans ehf., um veitingaleyfi í flokki II, veitingahús, að Grundarbraut 2 í Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 12) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 23. apríl 2025, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Sker Restaurant ehf., um gistileyfi í flokki II, stærra gistiheimili, að Ólafsvík, Snæfellsbæ.
- 13) Bréf frá Hildigunni Haraldsdóttur, dags. 5. maí 2025, varðandi skráningu landamerkjara jarðanna Bjarnarfosskots og Kálfárvalla í Staðarsveit.
- 14) Forvarnarstefna Snæfellsness 2025-2026 – í málefnum barna til 25 ára aldurs.
- 15) Íþrótt- og tómstundastefna Snæfellsbæjar 2025-2027.
- 16) Bréf frá Skógræðingafélagi Íslands, dags. 23. apríl 2025, varðandi ályktun aðalfundar félagsins.
- 17) Þakkarbréf frá Héraðsþingi HSH, dags. 16. apríl 2025.
- 18) Minnisþingur bæjarstjóra.

Snæfellsbæ 8. maí 2025
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

28. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 6. maí 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Vagn Ingólfsson, Baldvin Leifur Ívarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið var við framkvæmdir innanhúss í janúar og mars s.l.
- b) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík var haldið áfram í mars og apríl s.l. Búið er að setja upp og taka í notkun nýjan löndunarkrana, allir fenderar komnir á bryggjuna, öll stigaljós komin upp og tengd og búið að ganga frá búnaði vegna vatnslagna. Framkvæmdum lokið. Í Ólafsvíkurhöfn eru nú komnir 4 löndunarkranar.
- c) Dýpkunarframkvæmdir við gaffl Trébyggju við Norðurtanga í Ólafsvík héldu áfram í janúar og febrúar s.l. og er -3.0 m. dýpi komið á öllu dýpkunarsvæðinu. Framkvæmdum lokið.
- d) Búið er að setja upp nýjan löndunarkrana við Norðurkant í Rifshöfn, lokafrágangur er eftir. Þá verða komnir í Rifshöfn 3 löndunarkranar.
- e) Útboð vegna dýpkunar í innsiglingunni til Rifshafnar var auglýst 17.03. og opnað 01.04. s.l. Eitt tilboð barst frá Björgun ehf., búið er að fara yfir tilboðið og er lagt til að samið verði við bjóðanda.
- f) Útboð á stálþilsefni vegna 100.0 m. lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík var auglýst 20.01. og opnað 25.02. s.l. 5 tilboð bárust, búið er að fara yfir tilboðin og er lagt til að samið verði við G. Arason ehf.
- g) Útboð vegna lengingar á Norðurgarðsbryggjunni um 100 metra í Ólafsvík þ.e. fyrirstöðugarður, þilskurður og rekstur á stálþili var auglýst 05.05. s.l. og verður opnað 20.05. n.k.
- h) Búið er að endurnýja öll leguból í Arnarstapahöfn.
- i) Verið er að vinna við athugun á frekari sjóvörnum við Marbakka í Staðarsveit.
- j) Svæði í landi Ytri Tungu í Staðarsveit hefur verið skoðað varðandi þörf á sjóvörnum.
- k) Fyrirhugað er að skoða svæði innan þjóðgarðsins á Malarífi varðandi þörf á sjóvörnum.

2) Ævar sendi punkta vegna Áhaldahússins.

- a) Jólaskreytingar hafa verið soðnar saman og gerðar klárar fyrir næstu jól.
- b) Tjaldstæðin í Ólafsvík og á Hellissandi gerð klár fyrir opnun 15. apríl.
- c) Bifreiðar áhaldahússins gerðar tilbúnar fyrir skoðun og farið með þær í skoðun. Sumardekk sett undir bílana.
- d) Rafmagn í Áhaldahúsinu yfirfarið og lagað. Skipt um upphalara í köldu geymslunni og hurðin löguð.
- e) Kaffistofan í Áhaldahúsinu endurbætt.
- f) Undibúið að tengja skólplögn frá Himinbjörgum inn í bæjarkerfið.
- g) Lagfærð girðing á Lýsuhóli.

MPG
SIL
JA
SIL
JA

- h) Rotþrær á Arnarstapa hafa verið hreinsaðar.
- i) Verið er að yfirfara bæjargirðingarnar.
- j) Búið er að sópa og þrifa allar götur bæjarins.
- k) Tiltekt og lagfæringar um allan bæ ásamt hinu og þessu sem til fellur.

3) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Lokið við íbúð 0102 í Vallholti 19 og er hún komin í útleigu.
- b) Lagt parket í Engihlíð 20, 3hm eftir vatnstjón.
- c) Byrjað er að vinna við lagfæringar á Engihlíð 22, 3hh.
- d) Endurnýjuð kaffistofan í Áhaldahúsinu.
- e) Tvímálað nýja anddyrið á Jaðri.
- f) Ýmislegt gert á öðrum stofnunum bæjarins, t.d. leikskólanum, Klifi, Röst og Jaðri, enda margt sem fellur til á hverjum degi.

4) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

Sundlaug

- a) Vaðlaugin var gerð klár og lokið tekið af.
- b) Rennibrautin gerð klár og tilbúin í sumarið.
- c) Stóra varmadælan – nýr þennsluloki settur í dæluna.
- d) Hurð löguð á saunatunnunni.
- e) Slökkvitækin skoðuð.

Íþróttahús - Ólafsvík

- f) Sett upp ný flaggstöng.
- g) Slökkvitæki skoðuð.
- h) Bekkir í búningsaðstöðunni lagaðir.
- i) Skipt um dælur og varmaskipti fyrir heitt neysluvatn.

Slökkvilið

- j) Verið er að laga þakkant og rennur á slökkvistöðinni.
- k) Slökkvibílar fóru í skoðun.
- l) Haldnar voru 2 æfingar í apríl og 1 fjarskiptanámskeið.
- m) Farið var í 2 lokaúttektir í vor og slökkviliðið fór í tvö útköll.
- n) Settir upp 5 skápar til að laga búningsaðstöðuna í slökkvistöðinni.

Annað

- o) Aðstoðað við uppfærslu á Navision bókhaldskerfinu.
- p) Sett upp wifi í nýja leikskólahúsnæðið í Ólafsvík.
- q) Syndis setup á domain.
- r) Sett upp fundarkerfi í fundarherbergi FSS
- s) Ljósleiðari tengdur í Áhaldahúsi, slökkvistöð og í hafnarvog í Ólafsvík.

5) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.

- a) Tröppur við suðurhlíð skólans í Ólafsvík voru illa farnar og brotnar. Búið er að brjóta þær upp og steypa nýjar tröppur.

MPL
SIC
Bla
XX
FA.
A

- b) Það er orðið vandamál að fá flúorperur og því þurfti að skipta út lýsingu í anddyri nemenda í Ólafsvík. Led lýsing hefur verið sett þar upp.
- c) Skólalóðirnar hafa verið sópaðar og þrifnar.
- d) Ruslatunnumálin eru að komast í gott lag. Það þarf hins vegar að fá tvö tunnuskýli til viðbótar og færa þau sem fyrir eru örlítið neðar upp á betra aðgengi fyrir ruslabíl og snjómokstur.
- e) Sett var upp fuglahús á Hellissandi.
- f) Ýmislegt smálegt sem fylgir dagsdaglegu skólastarfi.
- g) Vagn benti á að það sé ýmislegt sem þurfi að laga, t.a.m. tröppur á skólalóðinni, þakkantur á gamla skólahúsnæðinu á Hellissandi og fleira. Rætt var um hvað þurfti að gera og samþykkt að fara í þessar endurbætur þegar skóla lýkur í vor.

6) Ragnar og Smári fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:


- a) Opnuð voru tilboð í endurbætur á Vallholti. Endurbæturnar felast í jarðvegsskiptum, endurnýjun vatns- og fráveitulagna. Einnig munu Míla og RARIK endurnýja sínar lagnir í götunni. Þremur aðilum var boðið að bjóða í og tveir skiluðu inn tilboðum. B. Vigfússon átti lægsta boðið í verkið og hljóðaði það upp á rúmar 83 milljónir. Að þessum verkhluta loknum verður gatan malbikuð og nýjar gangstéttar steypar.
- b) Framkvæmdum við stækkun anddyris á Jaðri er lokið. Unnið er að smíði innréttinga sem koma á fyrir í anddyrinu og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í byrjun næstu viku.
- c) Búið er að ganga frá samningum við málningarverktaka um endurmálun að utanverðu á Jaðri, bæjarskrifstofunum, Vallholti 19 og þaki sundlaugarinnar.
- d) Búið er að opna fyrir umsóknir í vinnuskólann og hafa nú þegar þó nokkrar umsóknir borist.
- e) Unnið er að endanlegri hönnun og hæðarsetningu, vegna malbikunarframkvæmda, á miðsvæði og bílastæði við matarvagna á Arnarstapa.
- f) Framkvæmdum við stækkun leikskólans í Ólafsvík er að mestu leyti lokið, fyrir utan lokafrágang á klæðningu hússins og frágangs lóðarinnar, en farið verður í hann á næstu vikum.
- g) Byrjað er á breytingum á innra skipulagi eldri hluta leikskólans í Ólafsvík. Útbúin verða þrjú ný rými sem munu nýtast sem undirbúningsherbergi starfsmanna, skrifstofa skólustjóra og kennarastofa. Áætlað er að framkvæmdum ljúki um mitt sumar.
- h) Framkvæmdum við Félagsmiðstöð er að mestu lokið. Opnað var á milli félagsaðstöðu og bílskúrs. Þar sem hæðarmunur er á milli þessara rýmanna þurfti að útbúa tröppur og ramp til að tryggja gott aðgengi um húsnæðið. Einnig verður eldhúsið í félagsmiðstöðinni endurnýjað.
- i) Á næstu dögum verða birtar gagnlegar upplýsingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki í bænum er snúa að verklegum framkvæmdum. Meðal þeirra upplýsinga sem munu birtast á heimasíðu bæjarins eru t.d. hvað þurfi að gera til að fá leyfi til að setja niður smáhýsi á lóð, hvaða gögnum þarf að skila ef fasteignaeigandi vill klæða húsið sitt að utan, upplýsingar um stöðuleyfi, hver er munurinn á byggingarleyfi og byggingarheimild ofl. Upplýsingarnar munu birtast á heimasíðu sveitarfélagsins og verða þær einnig þýddar yfir á pólsku.
- j) Unnið er að undirbúningi við að endurnýja vatnslagnir og malbikun í Naustabúð.

MPR SK Bli ad
 TR BA JG

- k) Auk þeirra verkefna sem talin eru upp hér að ofan eru dagleg verkefni hjá tæknideildinni er varða þjónustu við íbúa, endurnýjun lóðarleigusamninga, breytt landamerki, yfirferð teikninga, úttektir, skipulagsmál, verkefni tengd framkvæmdum bæjarins og samantekt um fráveitumál svo eitthvað sé nefnt.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. júní kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:38


Baldur Arnaldsson
Baldur Arnaldsson
Smári J. Lúðviksson
~~Arnt~~
Matthias Pall Gunnarsson


Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð

**70. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn föstudaginn 25. apríl 2025, kl. 13:00 sem fjárfundur.**

Mætt: Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Björg Agústsdóttir, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri og Jonas Gestur Jónasson, loggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, sem sat einnig fundinn.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur 2024

Ársreikningur ársins 2024 lagður fram. Jonas Gestur for yfir og kynnti ársreikninginn.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og sendur til rafrænnar undirskriftar.

2. Greiðsluáætlun

Logð fram greiðsluáætlun næstu ára.

Greiðsluáætlun staðfest.

3. Framkvæmdir og viðhald

Stjórn samþykkir að eiga fund með forsvarsfólki FSN vegna viðhalds husnæðis og loðar og felur framkvæmdastjóra að koma á fundi, í maí mánuði 2025.

4. Fjármál félagsins – Lækkun hlutafjár


Deloitte vann minnisblað á síðasta ári varðandi heimildir til lækkunar á hlutafé Jeratúns ehf. Stjórn leggur til við hluthafafund að lækka hlutfé félagsins um 140 millj. kr. á genginu 1 á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélag.


Samþykkt samhljóða.


5. Önnur mál


Stjórn samþykkir að stefna að aðalfundi félagsins miðvikudaginn 14. maí kl. 9:30 í Raðhúsi Grundarfjarðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:36.


Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson


Kristinn Jónasson


Björg Agústsdóttir


Sigurlaug R. Sævarsdóttir

Fundargerð 973. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 14. mars kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmsdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerðir 963., 964., 965., 966., 967., 968., 969., 970. og 971. fundar - 2410016SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 963., 964., 965., 966., 967., 968., 969., 970., 971. fundar stjórnar Sambandsins frá 31. janúar, 7. 18., 19., 20., 21., 24., 25. og 28. febrúar 2025, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

2. **Frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2503010SA**

Lagt fram minnisblað aðalhogfræðings Sambandsins, dags. 10. mars 2025, um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

3. **Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga 2025 - 2503019SA**

Rætt um stöðu samkomulags við ríkið um fjölþættan vanda og hjúkrunarheimili.

Saga Guðmundsdóttir vék af fundi kl. 08:40.

4. **Landsþing 2025 - 40. landsþing - 2407022SA**

Rætt um framkvæmd Landsþing Sambandsins 2025. Yfirlögfræðingur fór sérstaklega yfir framkvæmd kosninga á þinginu og hvernig fyrirkomulag yrði með kjörseðla.

5. **Minnisblað um framkvæmd kjarasamninga - 2406015SA**

Lagt fram minnisblað Freys Antonssonar, mótt. 12. mars 2025, þar sem óskað er eftir minnisblaði um framkvæmd kjarasamninga.

Stjórn felur starfsfólki að útbúa heildstætt minnisblað um framkvæmd kjarasamninga og leggja fyrir stjórn þegar það er tilbúið.

6. **Jónsmessunefnd - 2501034SA**

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 12. nóvember 2024 og 15. janúar 2025. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

7. **Starfshópur um starfskjör - 2311004SA**
Lögð fram tillaga formanns um að starfshópur um starfskjör komi saman að nýju. Málinu frestað sökum skorts á tíma.
8. **Brunamálasjóður - slökkvilið - 2407015SA**
Lagt fram sem trúnaðarskjal drög að sameiginlegu minnisblaði Sambandsins og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til ráðuneyta, dags. 6. febrúar 2025, um stofnun brunamálasjóðs. Málinu frestað til næsta fundar sökum skorts á tíma.
9. **Samningar um þjónustu hjúkrunarheimila 2022-2025 - 2111024SA**
Lagt fram bréf Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, dags. 31. janúar 2025, um komandi samningaviðræður um þjónustusamninga hjúkrunarheimila. Málinu frestað til næsta fundar sökum skorts á tíma.
10. **Þingmálaskrá 155. löggjafarþings 2024-2025 - 155. löggjafarþing - 2502009SA**
Lagt fram minnisblað yfirlögfræðing Sambandsins, dags. 10. febrúar 2025, um þingmálaskrá vorþings 2025.
11. **Stýrihópur um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2404009SA**
Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 11. mars 2025, um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.
12. **Skólakappsmál - 2502002SA**
Lögð fram kynning á Skólakappsmáli sem byggir á þáttunum Kappsmáli, sem sýndir hafa verið á RÚV síðastliðin sex ár. Málinu frestað til næsta fundar sökum skorts á tíma.
13. **Mannauðsstefna Sambandsins 2025 - 2501014SA**
Lögð fram til kynningar mannaúðsstefna Sambandsins.
14. **Tilnefning í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám - 2502005SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 4. mars 2025, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, er tilnefnd í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám.
15. **Tilnefning í stjórn Framkvæmdastjóðs aldraðra - 2502028SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 4. mars 2025, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnarsýslusviði Sambandsins, og Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á þróunarsviði Sambandsins, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í stjórn Framkvæmdastjóðs aldraðra.
16. **Tilnefning í safnaráð - 2412014SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 4. mars 2025, þar sem Jóhanna Erla Pálmadóttir, verkefnastjóri hjá Textílmíðstöð Íslands, er tilnefnd í safnaráð.

- 17. Tilnefning tengiliðs við aðgerðaóp um húsnæðismál - 2502023SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 4. mars 2025, þar sem Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur á þróunarsviði Sambandsins, er tilnefnd sem tengiliður við aðgerðahóp um húsnæðismál.
- 18. Umsögn um áform um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof - fjölburaforeldrar og veikindi á meðgöngu - 2502020SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 18. febrúar 2025, um áform um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (fjölburaforeldrar og veikindi á meðgöngu), mál nr. S-18/2025.
- 19. Tilnefning í starfshóp um nýjar lýðheilsuáskoranir varðandi börn og ungmenni - 2502006SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 6. mars 2025, þar sem Svala Hreinsdóttir, skólamálafulltrúa á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefnd sem aðalmaður í starfshóp um nýjar lýðheilsuáskoranir varðandi börn og ungmenni, og Ingimar Guðmundsson, verkefnisstjóri Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.
- 20. Tilnefning í Æskulýðsráð - 2502025SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 7. mars 2025, þar sem Magnea Gná Jóhannsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, og Gísli Stefánsson, bæjarfulltrúi í Vestmannaeyjum, eru tilnefnd í Æskulýðsráð.
- 21. Umsögn um áform um breytingu á lögum menningarminjar - Umsagnarskylda - 2502013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 17. febrúar 2025, um áform um breytingu á lögum menningarminjar (Umsagnarskylda), mál nr. S-13/2025.
- 22. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum - mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög - 2503001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 4. mars 2025, um drög að frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum - mat á fjárhagslegum áhrifum á sveitarfélög, mál nr. S-38/2025.
- 23. Umsögn um drög að frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni - breyting á neyslurými - 2502021SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 24. febrúar 2025, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (breyting á neyslurými), mál nr. S-5/2025.

**24. Umsögn um tillögu til þingsályktun um stefnu um farsæld barna -
2503016SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 10. mars 2025, um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna, mál nr. S-50/2025.

Fundi var slitið kl. 10:00

Fundargerð 974. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. mars kl. 07:30 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodorsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga 2025 - 2503019SA

Lagt fram samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan. Jafnframt lagt fram samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Stjórn samþykkir samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um börn með fjölþættan vanda annars vegar og hins vegar samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðarskiptingu á uppbyggingu hjúkrunarheimila.

2. Samningur um þjónustu hjúkrunarheimila 2022-2025 - 2111024SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 14. mars 2025, en þá var málinu frestað til næsta fundar.

Gildandi samningar um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila renna út í lok mars. Stjórn felur framkvæmdastjóra Sambandsins að skipa tvo fulltrúa í samninganefnd með Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna komandi samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands.

3. Minnisblað um breytingar á tillögu kjörnefndar - 2407022SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 18. mars 2025, um möguleika til breytinga á tillögum kjörnefndar.

Fundi var slitið kl. 08:00

Fundargerð 975. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, fimmtudaginn 20. mars kl. 16:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson, Hjálmar Sveinsson og Anna Sigríður Guðnadóttir.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll og ekki gafst tími til að boða varafulltrúa hennar.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð Jón Björn Hákonarson, starfandi formaður Sambandsins, nýtt stjórnarfolk velkomið. Að því loknu spurði hann hvort einhver hefði athugasemdir við boðun fundarins en svo var ekki.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stjórn Sambandsins 2025-2026 - 2207023SA

Rætt um skiptingu verkefna í stjórn. Einar Þorsteinsson lagði til að Jón Björn Hákonarson verði formaður og Margrét Ólöf A. Sanders varaformaður.

Stjórn samþykkir samhljóða tillögu um að Jón Björn Hákonarson taki við sem formaður Sambandsins og Margrét Ólöf A. Sanders sem varaformaður.

Fundi var slitið kl. 17:00

Fundargerð 976. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 4. apríl kl. 10:15 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri, Inga Rún Ólafsdóttir formaður samninganefndar sveitarfélaga, Valgerður Rún Benediktsdóttir yfirlögfræðingur, Grétar Sveinn Theodórsson samskiptastjóri, Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri, Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varamaður hans Ásgerður Kristín Gylfadóttir sat fundinn í hans stað. Hjálmar Sveinsson boðaði forföll, varamaður hans Skúli Helgason sat fundinn í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 972., 973., 974. og 975. fundar - 2410016SA

Lögð fram til kynningar fundargerðir 972., 974. og 975. fundar stjórnar Sambandsins frá 11., 19. og 20. mars 2025, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

Lögð fram til samþykkis fundargerð 973. fundar stjórnar Sambandsins frá 14. mars 2025.

Stjórn Sambandsins samþykkti fundargerð 973. fundar og verður fundargerðin send í rafræna undirritun.

2. Staða kjaramála - 2406015SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í apríl 2025.

3. Kjarasamningar - 2406015SA

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Kjalar stéttarfélags í almannajónustu vegna tónlistarskóla og Lanssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 21. og 24. mars 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Kjöl stéttarfélag í almannajónustu vegna tónlistarskóla og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

4. **Minnisblað um frumvarp til laga um sýslumann - 2503041SA**
Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 31. mars 2025, um frumvarp til laga um sýslumann.
Yfirlögfræðingi falið að skila inn umsögn fyrir hönd Sambandsins í samræmi við umræður á fundinum.
 5. **Minnisblað um vinnu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum - 2404009SA**
Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 11. mars 2025, um vinnu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.
Stjórn fór yfir málið og ákveðið að taka það aftur fyrir á stjórnarfundum í næstu viku.
 6. **Endurskoðun samkomulags um tónlistarfræðslu - 2412001SA**
Rætt um samkomulag um tónlistarfræðslu. Yfirlögfræðingur gerði grein fyrir málinu.
Stjórn felur yfirlögfræðingi að fylgja málinu eftir og ganga frá framlengingu á samkomulagi um tónlistarfræðslu til eins árs um samkomulag um tónlistarfræðslu. Jafnframt lagt til að heildarendurskoðun á samkomulaginu fari fram á þessum tíma.
- Skúli Helgason vék af fundi kl. 11:55.
7. **Ráðstefna um skólamáltíðir - ósk um samstarf - 2503014SA**
Lögð fram styrkbeiðni frá Aldin, sem eru samtök um loftslags- og samfélagsmál, sem standa fyrir hálf dags ráðstefnu um skólamáltíðir í maí 2025.
Stjórn þakkar Aldin fyrir erindið og þann metnað sem félagið er að setja í málstofuna. Hins vegar telur stjórn sér ekki fært að styrkja ráðstefnuna enda venja að Sambandið komi að skipulagi slíkra málstofa frá fyrstu stigum.
 8. **Brunamálasjóður - slökkvilið - 2407015SA**
Tekið fyrir að nýju sem trúnaðarmál, áður á dagskrá stjórnar 14. mars 2025, en þá var málinu frestað til næsta fundar.
*Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir við ráðherra í samvinnu við HMS. *
 9. **Skólakappsmál - 2502002SA**
Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 14. mars 2025, en þá var málinu frestað til næsta fundar.
Stjórn þakkar erindið en getur ekki orðið við beiðni um styrk til framleiðslu á Skólakappsmálum.
 10. **Samningur um sérkjör á þjónustu Syndis til aðildarféлага Sambandsins - 2501031SA**
Lagður fram til kynningar samningur, dags. 4. mars 2025, um sérkjör á þjónustu Syndis til aðildarsveitarféлага Sambands íslenskra sveitarféлага.

Stjórn fagnar framkomnum samningi og telur hann mikilvægt skref til að efla tækniöryggi sveitarfélaga. Stjórn hvetur sveitarfélög eindregið til að kynna sér efni samningsins og meta möguleika á að nýta sér þá þjónustu sem hann felur í sér.

Ásgerður K. Gylfadóttir vék af fundi kl. 12:15.

11. Defend Iceland ehf. - rammamningur - 2411015SA

Lögð fram til kynningar drög að rammamning um villuveiðigátt, dags. 5. mars 2025.

12. Minnisblað um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga - 2409022SA

Lagt fram til kynningar minnisblað þróunarsviðs Sambandsins, dags. 2. apríl 2025, um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga fyrir árin 2025-2028. Í minnisblaðinu kemur fram að rekstur sveitarfélaga batnaði áfram á árinu 2024 og hefur ekki verið sambærilegur afgangur af rekstrinum síðan fyrir heimsfaraldur.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þakkar fyrir greinargott og upplýsandi minnisblað.

13. 80 ára afmæli Sambandsins 2025 - 2401027SA

Lagt fram minnisblað frá samskiptastjóra Sambandsins, dags. 3. apríl 2025, þar sem farið er yfir tillögur að viðburðum og verkefnum í tilefni af 80 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórn samþykkir framlagðar tillögur og fagnar því að Sambandið hyggist halda upp á tímamótin með fjölbreyttri dagskrá sem varpi ljósi á mikilvægi Sambandsins og hlutverk sveitarfélaga í íslensku samfélagi í 80 ár. Samskiptastjóri mun leiða verkefnið í samvinnu við þjónustusvið Sambandsins og felur stjórn starfsfólki að halda áfram undirbúningi og þakkar stýrihópnum fyrir sína vinnu.

14. Tilnefningar á nýjum fulltrúum í nefndir - 2210016SA

Formaður lagði fram tillögur að nýjum fulltrúum í nefndir og ráð. Eftirfarandi tillögur samþykktar samhljóða:

Stefnumótandi nefnd CEMR: Nanný Arna Guðmundsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, og Einar Þorsteinsson. Til vara: Freyr Antonsson, Anna Sigríður Guðnadóttir og Jón Björn Hákonarson.

Sveitarstjórnarvettvangur EES/EFTA: Rósa Guðbjartsdóttir og Jón Björn Hákonarson til vara.

Alþjóðasamtök sveitarfélaga og borga (UCLG): Jón Björn Hákonarson ekki er þörf á að tilnefna varafulltrúa.

Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins: Hjördís Ýr Johnson sem formaður í stað Guðmundar Ara Sigurjónssonar og Stefán Aspar Stefánsson í stað Rutar Jónsdóttur.

Kjaramálanefnd Sambandsins: Einar Þorsteinsson í stað Jóns Björn Hákonarsonar og að Margrét Ólöf A. Sanders taki við sem formaður nefndarinnar.

Anna Sigríður vék af fundi kl. 12:47.

15. Umsögn Grindavíkurbæjar vegna skýrslu Deloitte ehf. - 2311012SA

Lögð fram til kynningar umsögn Grindavíkurbæjar, dags. 27. mars 2025, vegna skýrslu Deloitte ehf. um stöðu Grindavíkur og sviðsmyndir um hvernig Grindavík og samfélag Grindvíkinga verður árið 2035.

16. Tilnefning í samráðsvettvang vegna endurskoðunar á lögum um stjórn vatnamála - 2503028SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 27. mars 2025, þar sem Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur á stjórnsýsluviði Sambandsins, er tilnefnd í samráðsvettvang vegna endurskoðunar á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

17. Tilnefning í samstarsnefnd um málefni aldraðra - 2502024SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 27. febrúar 2025, þar sem Lilja Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi eystra, er tilnefnd sem aðalmaður í samstarfsnefnd um málefni aldraðra, og Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri hjá Velferðarsviði Kópavogsbæjar, til vara.

18. Tilnefning í innflytjendaráð - 2503029SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 27. mars 2025, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í innflytjendaráð, og Ingimar Guðmundsson, verkefnisstjóri Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

19. Tilnefning í stýrihóp um eftirfylgni áætlunar um loftgæði á Íslandi - 2503012SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 27. mars 2025, þar sem Finnur Ricart Andrason, sérfræðingur í umhverfismálum á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í stýrihóp um eftirfylgni áætlunar um loftgæði á Íslandi, og Hugrún Geirsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, til vara.

20. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni - breyting á neyslurými - 2503031SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. mars 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni (breytingar á neyslurými), 142. mál.

21. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum - svæðisráð o.fl. - 2503033SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 26. mars 2025, um frumvarp til laga um

breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum
(svæðisráð o.fl.), 147. mál.

Fundi var slitið kl. 12:50

Fundargerð 977. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 11. apríl kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Hjálmar Sveinsson, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir formaður samninganefndar sveitarfélaga, Valgerður Rún Benediktsdóttir yfirlögfræðingur, Grétar Sveinn Theodórsson samskiptastjóri, Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri og Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Stýrihópur um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2404009SA

Tekið fyrir að nýju áður á dagskrá stjórnar Sambandsins 14. mars 2025.

Stjórn felur yfirlögfræðingi Sambandsins að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum.

2. Drög að umsögn um frumvarp til laga um samning SP um réttindi fatlaðs fólks - 2503034SA

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 26. mars 2025, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 187. mál.

Fundi var slitið kl. 09:00

Fundargerð 978. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 30. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 976. og 977. fundar - 2410016SA

Lagðar fram til kynningar fundargerð 976. og 977. fundar stjórnar Sambandsins frá 4. og 11. apríl 2025, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

2. Minnisblað um framkvæmd kjaraviðræðna við KÍ - 2406015SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað Sambandsins, dags. 28. apríl 2025, um framkvæmd kjaraviðræðna við KÍ árið 2024 til 2025, sbr. bókun á fundi stjórnar Sambandsins 14. mars 2025.

Stjórn þakkar fyrir vandað og gagnlegt minnisblað um framkvæmd kjaraviðræðna. Það er gott veganesti til að tryggja betri yfirsýn yfir ferli kjarasamningsgerðar og vinnubrögð til framtíðar í þeim efnum.

3. Tilnefning í stýrihóp um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda - 2504002SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. apríl 2025, þar sem Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnarsýslusviði Sambandsins, eru tilnefndar í stýrihóp um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda.

4. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjafnréttismálum fyrir árin 2025-2028 - 2504019SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 14. apríl 2025, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjafnréttismálum fyrir árin 2025-2028, 227. mál.

5. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna til ársins 2035 - 2504021SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 14. apríl 2025, um tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna til ársins 2035, 283. mál.
6. **Endurtilnefning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs - 2212038SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 22. apríl 2025, þar sem Sandra Hlíf Ocares, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, er tilnefnd sem aðalmaður í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.
7. **Endurtilnefning í stjórn Vinnumálastofnunar - 2209037SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins dags. 22. apríl 2025, þar sem Einar Brandsson, bæjarfulltrúi á Akranesi og stjórnarmaður hjá Sambandinu, er tilnefndur í stjórn Vinnumálastofnunar.
8. **Tilnefning í verkefnisstjórn rammaáætlunar - 2503006SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 25. apríl 2025, þar sem Jón Björn Hákonarson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð og stjórnarformaður Sambandsins, eru tilnefndur sem aðalmaður í verkefnisstjórn rammaáætlunar, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, til vara.
9. **Umsögn um frumvarp til laga um námsgögn - 2504023SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. apríl 2025, um frumvarp til laga um námsgögn, 255. mál.
10. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - bætt málsmeðferð og aukin skilvirkni - 2504025SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 22. apríl 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (bætt málsmeðferð og aukin skilvirkni), 268. mál.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um samning SP um réttindi fatlaðs fólks - 2503034SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 29. apríl 2025, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 187. mál.

Fundi var slitið kl. 12:35

Fundargerð 470. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, miðvikudaginn 19. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 469. fundar - 2401001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 469. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 24. janúar 2025 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fundur með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra - 2211001HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem Hafnasambandið á með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 3. mars 2025 kl. 11:00 og fór yfir helstu áherslumál er fara þarf yfir með ráðherra.

Sambykkt að Lúðvík Geirsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Gunnar Tryggvason mæti fyrir hönd stjórnar á fund ráðherra ásamt Bryndísi Gunnlaugsdóttur, starfsmanni Sambandsins.

3. Hafnafundur 2025 - 2411002HA

Rætt um skipulag og undirbúning fyrir hafnafund 2025.

Hanna Björg Konráðsdóttir kom á fundinn kl.11:10

4. Vorferð stjórnar Hafnasambands Íslands 2025 - 2411003HA

Rætt var skipulagningu vorferðar stjórnar Hafnasambandsins 22.-23. maí 2025.

5. ESA Conference - Navigating Challenges to Security and Resilience in European Ports - 2502001HA

Lagt fram til kynningar boð á ráðstefnu eftirlitsstofnunar ESA - Navigating Challenges to Security and Resilience in European Ports sem haldin verður 29. apríl 2025 í Brussel.

6. Kjarasamningur Félags skipstjórnarmanna - tryggingamál og starfsmat - 2502002HA

Lagður fram til kynningar kjarasamningur milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags skipstjórnarmanna, dags. 24. janúar 2025.

7. **Stefnumörkun - skýrslugerð - 2211001HA**

Tekið fyrir að nýju, var áður á dagskrá 24. janúar 2025. Til umræðu var meðal annars rafræn vöktun hafna og miðlun upplýsinga rafrænt til tollgæslu Skattins.

Formanni falið að vinna málið áfram.

8. **Skýrslan Innviðir á Íslandi 2025 - ástand og framtíðarhorfur - 2502003HA**

Lögð fram til kynningar skýrslan Innviðir á Íslandi 2025 - Ástand og framtíðarhorfur, dags. í febrúar 2025.

Gunnar Tryggvason vék af fundi kl.11:45

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd - 2502004HA**

Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingu á lögum um siglingavernd. Frumvarpinu er ætlað að bregðast við athugasemdum eftirlitsaðila ESA og færa ábyrgð á vinnu við áhættumat frá verndarfulltrúum hafna yfir á Samgöngustofu. Hafnir munu áfram yfirfara og láta uppfæra matið í samræmi við breyttar aðstæður hverju sinni.

Fundi var slitið kl. 12:15

Fundargerð 471. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, föstudaginn 28. mars kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Fannar Gíslason, forstöðumaður Hafnardeildar Vegagerðarinnar, sat fundinn undir lið 1 og 2.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skipulags- og framkvæmdarmál á hafnarsvæðum 2025-2026 - 2503003HA

Fannar Gíslason, forstöðumaður Hafnardeildar Vegagerðarinnar, gerði grein fyrir skipulags og framkvæmdarmálum á hafnarsvæðum landsins og ferli slíkra mála. Fór hann sérstaklega yfir umhverfismat hafnarframkvæmda og áætlana.

2. Afmörkun og skilgreining hafnarsvæða - 2412001HA

Fannar Gíslason, forstöðumaður Hafnardeildar Vegagerðarinnar, gerði grein fyrir vinnu Vegagerðarinnar við leiðbeiningar um afmörkun og skilgreiningu hafnarsvæða á sjó. Ljóst er að samræma þarf útfærslu nýrra hafnarmarka innan hafnar við þegar samþykkt haf- og strandsvæðaskipulög. Stjórn lýsti því yfir að vera tilbúin í frekara samráð og samvinnu um útfærslur og leiðbeiningar.

3. Vesturbyggð - dómur um innheimtu aflagjalda - 2311001HA

Gerður B. Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir niðurstöðu Landsréttar í máli Vesturbyggðar gegn Arnarlaxi sem varðar gjaldtöku á aflagjaldi af eldislaxi. Í máli Gerðar kom fram að dómurinn geti haft viðtæk áhrif á aðrar hafnir og almenna gjaldtöku hafna.

4. Fundur með innviðaráðherra 2025 - 2211001HA

Lagt fram minnisblað, dags 28. febrúar 2025, um rekstur og uppbyggingu hafna þar sem kemur fram hvaða atriði Hafnasamband Íslands ræddi á fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þann 3. mars 2025. Formaður gerði grein fyrir fundinum sem og viðbrögðum ráðuneytisins eftir þann fund. Fram kom að Hafnasambandið sé nú komið með tengilið í ráðuneytinu til að ræða málefni hafna sem er til mikilla bóta.

5. Helstu verkefni og stefnumörkun - 2211001HA

Lagt fram minnisblað um helstu verkefni stjórnar Hafnasambands Íslands 2024-2026. Þar kemur fram að stefnt sé að fara í úttekt á framkvæmdaþörf hafna næstu ára sem og þróun hafna. Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann og Gunnar áttu með Íslenska sjávarklasnum um að taka að sér skýrslugerð um framkvæmdaþörf hafna og að sú skýrsla verði tilbúin í sumar. Jafnframt að Sjávarklasinn taki að sér málstofur á Hafnafundinum í haust og vinni ítarlega skýrslu um framtíðarsýn hafna og að sú skýrsla verði tilbúin á fyrri hluta árs 2026.

Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir að fá Sjávarklasann í að vinna skýrslu um framkvæmdaþörf hafna og framtíðarsýn hafna. Formanni falið að ganga frá samningum við Sjávarklasann.

6. Hafnafundur 2025 - 2411002HA

Rætt um skipulag og drög að dagskrá hafnafundar 2025 sem áætlað er að halda í Ólafsvík 25.-26. september nk.

Starfsmanni og Birni falið að finna aðra dagsetningu til að tryggja gistingu fyrir gesti. Niðurstaða um tímasetningu liggja fyrir eigi síðar en í lok apríl.

7. Vorfundur 2025 - 2501002HA

Rætt um skipulag og tímasetningu vorfundar 2025.

8. Rafræn vöktun hafna - aðgangur tollyfirvalda - 2503004HA

Lagður fram tölvupóstur, dags 21. nóvember 2024, frá Tollgæslunni til Fjarðabyggðahafnar þar sem óskað er eftir beinlínuaðgangi að öllum eftirlitskerfum hafna Fjarðabyggðar. Jafnframt lögð fram minnisblöð frá Lex Lögmannsstofu, dags 17. maí og 22. október 2024, um rafræna vöktun á hafnarsvæðum og miðlun upplýsinga.

Stjórn Hafnasambandsins samþykkir að fela starfsmanni samtakanna að senda erindi til Persónuverndar og óska eftir leiðbeiningum um hvernig best sé að verða við beiðni Tollgæslunnar og jafnframt að óska eftir álitum á því hvernig hafnir eigi að standa að upplýsingagjöf úr eftirlitsmyndavélakerfum sínum vegna ákvæða í 7. gr. a., hafnalaga og 8. gr. í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar þannig að tryggt sé að það sé í samræmi við lög og reglur er gilda um persónuvernd.

9. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda - móttaka úrgangs í höfnum - 2503001HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands, dags. 7. mars 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda (móttaka úrgangs í höfnum), S-46-2025.

10. Fjarvigtun - 2009021HA

Rætt um stöðu tilraunaverkefnis í fjarvigtun og það er mikill vilji til að keyra verkefnið áfram þó svo að illa hafi gengið að koma þessu af stað.

11. Faghópur hafnsögumanna og skipstjóra - 2009012HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar samstarfshóps hafnsögumanna og skipstjóra lóðs- og dráttarbáta innan Hafnasambands Íslands frá 14. mars 2025.

12. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum svæðisráð o.fl., 147. mál - 2503002HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambands Íslands, dags. 26. mars 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, 147.mál

13. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. - nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl. - 2410003HA

Rætt um áhrif innviðagjaldsins á hafnir landsins en seinustu vikur og mánuði hefur verið reynt að fá aðlögun hvað innviðagjald varðar. Hins vegar er nú ljóst að ekki verður hróflað við innviðagjaldinu og þurfa hafnir og skipafélög því að aðlagga sig að því.

Stjórn Hafnasambands Ísland telur að ákvörðun stjórnvalda um skyndilega aukna skattlagningu í formi innviðargjalds og afnám tollfrelsis á ferðir skemmtiferðaskipa um landið komi illa niður á höfnum og ferðaþjónustu í sjávarbyggðum landsins.

Hafa ber í huga að sjávarbyggðir landsins eiga í alþjóðlegri samkeppni við aðra áfangastaði í norðanverðu Atlantshafi og mikilvægt að skattlagning taki mið af þeirri staðreynd.

Sterkar vísbendingar eru um að þessi ákvörðun valdi töluverðum samdrætti í komum skemmtiferðaskipa til framtíðar og samhliða því lækkun á tekjum hafna, ferðaþjónustuaðila víðsvegar um landið og jafnframt skatttekjum ríkissjóðs. Hún komi sér sérlega illa í þeim byggðalögum sem ekki njóta nálægðar við Keflavíkurlflugvöll og höfuðborgina. Skorar stjórn Hafnarsambandsins á ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða þessa skattlagningu.

Þá leggur stjórn Hafnarsambandsins til að fjármunir þeir sem innheimtir verða með innviðagjaldi verði nýttir í uppbyggingu innviða sem styðja við sjálfbærni þessa geira s.s. landtengingum og öryggisinnviðum.

Fundi var slitið kl. 13:10

Fundargerð 85. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 19. mars kl. 17:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í húsnæði Hafrannsóknarstofnunnar..

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir.

Gerður Björk Sveinsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrússon boðuðu forföll.

Að auki sátu fundinn Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Samráð með Hafrannsóknarstofnun - 2410001SU

Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknarstofnunnar, tók á móti stjórn samtakanna í húsnæði Hafrannsóknarstofnunnar. Byrjaði hann á að sýna stjórn glæsilegt húsnæði stofnunnar. Í framhaldinu hélt hann kynningu á starfsemi Hafrannsóknarstofnunnar. Í lok kynningarinnar þakkaði stjórn Þorsteini kærlega fyrir góða og gagnlega kynningu.

2. Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um strandveiðar - óskað umsagnar - 2503001SU

Lögð fram drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um strandveiðar. Stjórn samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir áhyggjum af því að ekki hefur komið fram hjá stjórnvöldum hvernig standa eigi að því að auka kvóta til strandveiða til að ná að tryggja 48 daga strandveiðar. Það mun hafa mikil en ólík áhrif á sjávarútvegssveitarfélög eftir því hvaðan aukin kvóti í strandveiðar verður fengin, þ.e.a.s. úr almenna kerfinu eða byggðakvótakerfum. Er því hvatt til þess að ef farið verði í breytingar verði horft til áhrifa á sveitarfélög. Einnig verði önnur markmið ríkisstjórnarinnar í atvinnu- og byggðamálum höfð í huga en samkvæmt ríkisstjórnarsáttmálanum er stefnt að sjálbærum vexti atvinnugreina og aukinni framleiðni, ýta undir vöxt og verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og treysta stöðir hinna dreifðu byggða.

3. Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum (svæðisráð o.fl.) - óskað umsagnar - 2503002SU

Lögð fram umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða og skipulagslögum (svæðisráð o.fl.).

Formanni og starfsmanni falið að útbúa umsögn m.v. umræður á fundinum og skil inn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Fundi var slitið kl. 19:05

Fundargerð 86. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 28. mars kl. 12:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU

Til umræðu voru drög að frumvarpi um breytingu á lögum um veiðigjald en samkvæmt matvælaráðuneytinu mun hækkunin nema allt að 10 milljörðum kr. Undir þessum lið mættu Magnús Kristjánsson og Róbert Ragnarsson frá KPMG og fóru yfir tillögu að vinnu við að greina áhrif frumvarpsins á sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn samþykkir að fela KPMG að vinna greiningu á áhrifum hækkun veiðigjalda á sjávarútvegssveitarfélög. Stjórnin samþykkir einnig eftirfarandi bókun:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga lýsa yfir eindreginni andstöðu við tillögu ríkisstjórnarinnar um hækkun veiðigjalda enda getur ríkisstjórnin ekki sýnt fram á áhrif hækkunar á sveitarfélög.

Umrædd breyting getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútvegssveitarfélög sem reiða sig á greinina til atvinnu og tekjuöflunar. Þrátt fyrir þessa óvissu fyrir sveitarfélög hafa engin gögn verið lögð fram um áhrif tillögunnar á landsbyggðina né einstök sveitarfélög sem er með öllu óásættanlegt. Er þetta einnig í andstöðu við 129. gr. sveitarstjórnarlaga sem kveður á um að fara eigi fram sérstakt mat á áhrifum lagabreytinga á fjárhag sveitarfélaga.

Við teljum þessa tillögu bera vott um skort á skilningi á mikilvægi sjávarútvegs fyrir byggðafestu og stöðugleika í íslensku efnahagslífi. Hækkun veiðigjalda að þessu marki getur ekki aðeins haft mikil áhrif á rekstrarforsendur fyrirtækja og samspil veiða og vinnslu, heldur einnig á fjölda samfélaga vítt og breitt um landið.

Samtökin skora á ríkisstjórnina að staldra við og hefja gagnsætt samtal við hagaðila um sanngjarna og rökstudda nálgun á grundvelli greininga á áhrifum á ekki eingöngu fyrirtæki heldur einnig sjávarútvegssveitarfélög. Í framhaldinu verði lögð fram endurskoðuð tillaga byggð á samtölum og greiningum.

Samtökin gera líka athugasemdir við þann stutta umsagnarfrest sem veittur var, þ.e. 10 dagar, sérstaklega í ljósi þess að engin greiningargögn eru til staðar. Ómögulegt er fyrir sveitarfélög að greina áhrif og halda sveitarstjórnarfundi innan þess tímaramma til að senda inn greinargóða umsögn. Því gera samtökin skýlausa kröfu að umsagnarfrestur verði lengdur til að gefa öllum sveitarfélögum tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

2. Landsréttur - aflagjald á eldisfisk - 2503004SU

Til umræðu niðurstöður Landsréttar í máli Vesturbyggðar vegna innheimtu aflagjalds af eldisfiski.

Umræðu frestað til næsta fundar

3. Verkaskipting stjórnar - 2409001SU

Jón Björn Hákonarson, formaður stjórnar, hefur óskað eftir því að stíga til hliðar sem formaður stjórnar samtakanna í ljósi þess að hann er nú formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt að Íris Róbertsdóttir, varaformaður stjórnar, taki við sem formaður og að Sigfús Ingi Sigfússon taki við sem varaformaður.

Stjórn vil þakka Jóni Birni Hákonarsyni fyrir vel unnin störf sem formaður stjórnar samtakanna og um leið óska honum velfarnar í nýju embætti sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundi var slitið kl. 13:00

Fundargerð 87. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 1. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sátu fundinn Sigríður Vilhjálmisdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU**

Formaður fór yfir efni umsagnar sem fyrirhugað er að samtökin sendi inn vegna málsins og innihald greiningar KPMG. Varaformaður greindi frá umræðum við atvinnumálaráðherra um málið.

2. **Landsréttur - aflaggjald á eldisfisk - 2503004SU**

Gerður B. Sveinsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar, greindi frá helstu atriðum í dómi Landsréttar vegna innheimtu aflaggjalds á eldislax. Ræddi hún breytingar á löggjöf frá því að atvik máls áttu sér stað og áskoranir varðandi gjaldtöku í núverandi lagaumhverfi.

Formaður leggur til að á næsta fundi samtakanna verði lögð fram bókun um nauðsynlegar úrbætur á lagaumhverfinu.

Formaður leggur jafnframt til að mögulega verði fundað aftur hjá samtökunum í næstu viku.

Fundi var slitið kl. 08:30

Fundargerð 88. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 15. apríl kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrésson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald - óskað umsagnar - 2503003SU**

Til umræðu voru næstu skref varðandi fyrirhugaða hækkun veiðigjalda. Ráðgjafar KPMG fóru yfir stöðuna á greiningavinnu á áhrifum hækkunar veiðigjalda á sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hefur áhyggjur af áhrifum boðaðs frumvarps um hækkun veiðigjalda á sveitarfélög í landinu. Ráðherra hefur ekki lagt nein gögn fram er sýna fram á bein og óbein áhrif þess á samfélagið og því hefur stjórn samtakanna fengið KPMG til áframhaldandi vinnu við að greina áhrif hækkunar veiðigjalda á sveitarfélög og einstaka byggðakjarna. Stjórn samtakanna hvetur ráðherra til að leggja fram þær greiningar er frumvarpið byggir á.

Gestir undir þessum lið voru Róbert Ragnarsson og Sýlvía Rut Vilhjálmisdóttir frá KPMG.

2. **Landsréttur - aflagjald á eldisfisk - 2503004SU**

Umræðu framhaldið frá seinasta fundi.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga telur nauðsynlegt að farið verði í endurskoðun á hafnalögum með það í huga að hagsmunir sjókvíaeldissveitarfélaga séu tryggðir. Breytingin á 17. gr. hafnalaga þar sem ákvæði um heimild til innheimtu eldisgjalds var bætt inn, dugar ekki ein og sér til að tryggja tekjur til að standa undir uppbyggingu og rekstri hafna í tengslum við greinina. Skoða þarf gjaldtökuna með tilliti til breyttrar notkunar hafna. Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga hvetur innviðaráðherra til að hefja nú þegar endurskoðun á hafnalögunum í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga og Hafnasamband Íslands.

3. **Önnur mál til umræðu - 2409001SU**

Formanni, varaformanni og starfsmanni samtakanna falið að skipuleggja fræðsluferð til Noregs.

Fundi var slitið kl. 9:10

Fundargerð 80. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 12. mars kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ný jarðhitaleit - 2311004SK

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, býður til kynningar vegna átaks í jarðhitaleit fimmtudaginn 13. mars kl.13:00. Á fundinum verður kynnt jarðhitaátak sem stjórnvöld hafa skipulagt með áherslu á köldu svæðin þar sem rafmagn er nýtt til húshitunar og hefur ráðherra óskað eftir þátttöku SSKS.

Stjórn SSKS fagnar jarðhitaátaki umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem áhersla er lögð á hin svo nefndu köldu svæði þar sem rafmagn er nýtt til húshitunar. Er jarðhitaátakið í samræmi við helstu markmið samtakanna sem er að stuðla að frekari jarðhitaleit og vinna að lækkun orkukostnaðar til húshitunar á "köldum svæðum?".

2. Vorfundur Landsnets og Landsvirkjunar - 2311005SK

Ársfundur Landsvirkjunar var haldinn þann 4. mars undir yfirskriftinni "Meiri orku eftir styttra ferli" og vorfundur Landsnets var haldinn 5. mars undir yfirskriftinni "Magnast spennan? Orkuöryggi á óvissum tímum"

Ákveðin samhljómur var á báðum fundum þar sem m.a. var rætt um mikilvægi þess að vinna meiri raforku hér á landi og tryggja afhendingaröryggi.

3. Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum - raforkuöryggi, 130. mál - óskað umsagnar - 2503001SK

Óskað hefur verið eftir umsögn um frumvarp til breytinga á raforkulögum en markmið frumvarpsins er aukið raforkuöryggi og forgangur heimila og almennra notenda að raforku.

Stjórn SSKS tekur undir markmið frumvarpsins um aukið raforkuöryggi og forgang heimila og almennra notenda að raforku og felur starfsmanni samtakanna að skrifa umsögn í samræmi við fyrri umsagnir samtakanna um sama efni.

Björn Ingimarsson yfirgaf fundinn kl.8:25

4. Samstarf við Samtök orkusveitarfélaga - 2502001SK

SSKS hefur átt í góðu samstarfi við Samtök orkusveitarfélaga meðal annars um fundi og umsagnir til Alþingis og í samráðsgátt stjórnvalda. Nú síðast með sameiginlegri umsögn um frumvarp til laga um raforkulög og stjórn vatnamála.

Stjórn SSKS telur styrk falin í því að vinna áfram með Samtökum orkusveitarfélaga þegar um er að ræða sameiginleg hagsmunamál.

Stjórn SSKS býður Bryndísi hjartanlega velkomna til starfa og hlakka til góðs samstarfs í verkefnum samtakanna.

Fundi var slitið kl. 08:45



AÐALFUNDARBOÐ

Hér með er boðað til aðalfundar Nýsköpunarnets Vesturlands ses. þriðjudaginn 6. maí 2025, kl. 11:00. Fundurinn verður haldinn á skrifstofu SSV að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Dagskrá fundarins:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og rekstri á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram.
3. Hvernig skal farið með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.
5. Kosning sjö aðila í stjórn og eins fulltrúa til vara.
6. Kosning skoðunarmanns fyrir félagið.
7. Breytingar á samþykktum félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Gísli Gíslason

Formaður stjórnar Nývest ses.

Fw: Erindi til bæjarráðs og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

From Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Date Tue 5/6/2025 7:58 AM

To Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

From: Guðrún Magnea Magnúsdóttir <gudrun@nsv.is>

Sent: Friday, March 7, 2025 1:05 PM

To: Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>

Cc: Kristinn Jónasson <kristinn@snb.is>

Subject: Erindi til bæjarráðs og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Góðan dag,

Ég sendi hér með til bæjarráðs og bæjarstjórnar Snæfellsbæjar eftirfarandi skjöl til umfjöllunar og ákvörðunar. Ég óska eftir að rýnt verði í skjölin og málið verði tekið fyrir á næsta fundi. Taka þarf afstöðu til erindisins og ákveða ábyrgðaraðila innan hvers sveitarfélags vegna aðgerðaáætlunar þess, sem er hluti af sjálfbærnistefnu Snæfellsness.

- Samkvæmt 5.gr. c. í lögum nr. 70/2012 um loftslagsmál bera sveitarfélög ábyrgð á að setja sér loftslagsstefnu sem inniheldur skýr markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjafna starfsemi sína. Þau þurfa einnig að móta aðgerðir til að ná þessum markmiðum.

Aðgerðaáætlunin felur í sér tillögur að mögulegum aðgerðum og verkefnum sem sveitarfélög geta hrint í framkvæmd til að ná settum markmiðum. Hvert sveitarfélag á Snæfellsnesi hefur sína eigin aðgerðaáætlun, sem ræðst af vilja og getu þess til að hrinda verkefnum í framkvæmd.

Ég óska jafnframt eftir því að þegar bæjarráð/bæjarstjórn hefur tekið afstöðu eða ákvörðun um framhaldið, hafi viðkomandi ábyrgðaraðili verkefnis/verkefna á aðgerðaáætluninni samband við undirritaða varðandi áframhaldandi vinnu í tengslum við stefnuna og aðgerðaáætlunina.

Viðhengi:

20250304_Aðgerðaáætlun Snæfellsbæjar v. sjálfbærnistefnu Snæfellsness 2025-2034_drög
20250304_Sjálfbærnistefna Snæfellsness 2025-2034_drög

Uppsetning og endanlegt útlit verður ákveðið síðar.

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa erindis og látið mig vita ef þörf er á frekari upplýsingum eða gögnum.

Kær kveðja | Kind regards

Guðrún M. Magnúsdóttir

Verkefnastjóri Umhverfissvottunar Snæfellsness

Snæfellsnes EarthCheck coordinator

Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

433-8121

www.nesvottun.is | [Facebook](#) | [Instagram](#)

Ævityranámskeið 2025

Félagsmiðstöðin Afdrep

Kostnaðliður	Debet	Kreted
Þátttökugjöld x 25 þáttekendur 22.500kr	562,500.00 kr	
Rútuferðir		196,250.00 kr
Vatnshellirinn (fáum frítt)		
Kayjak (7900 x 25)		197,500.00 kr
Hvalaskoðun (7000 kr. x 25)		175,000.00 kr
Útilega (matur, tjaldstæði og búnaður til eldunar)		150,000.00 kr
Samtals	562,500.00 kr	718,750.00 kr

Við óskum eftir styrk fyrir rútukostnaði 200.000kr

Þátttökugjöld ættu að duga fyrir kostnaði

Kristinn Jónasson

From: Leyfi - SMV <vesturland.leyfi@sylumenn.is>
Sent: miðvikudagur, 16. apríl 2025 15:12
To: Vesturland - Opinbert netfang; Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Kristinn Jónasson; Slökkvilið Snæfellsbæjar matarlistinn@gmail.com
Cc: matarlistinn@gmail.com
Subject: Umsb. fyrir Matarlisinn_2025030983
Attachments: (I) Umsagnarbeiðni - Veitingaleyfi-2025030983.pdf; Notendagögn og teikningar_2025030983.pdf

Góðan dag

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni, umsókn ásamt teykningum fyrir Matarlistinn ehf. um veitingarleyfi í flokki II að Grundarbraut 2, 355 Ólafsvík

Óskað er eftir umsögnum frá viðtakendum þessa pósts.

Með kveðju / Best regards

María Hlín Eggertsdóttir, fulltrúi TR og SÍ Akranesi / representative TR og SÍ

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28, annari hæð • 300 Akranes • Iceland

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumenn

Sýslumaðurinn á
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlit ríkisins
Lögregla á Vesturlandi

Málsnúmer: 2025-030983

Akranesi, 16. apríl 2025

Umsagnarbeiðni - Veitingaleyfi

Umsækjandi: Matarlistinn ehf., kt. 450623-1720, Grundarbraut 15, 355 Ólafsvík,

Forsvarsmáður: Beniamin Maciej Ondycz, kt. 250902-4090, Grundarbraut 15, 355 Ólafsvík.

Sími: 7675185. **Netfang:** matarlistinn@gmail.com

Tegund umsóknar: - Umsókn um leyfi til reksturs Veitingaleyfi í Flokkur II – A Veitingahús

Heiti staðar: Matarlist, Grundarbraut 2., 355 Ólafsvík.

Staðsetning:

Heiti fasteignar:	Fasteignanúmer:	Rýmisnúmer:
Grundarbraut 2	F2292546	010101

Hámarksfjöldi gesta: Inni 70 - Úti 20

Afgreiðslutími áfengis:

Virka daga frá:	Virka daga til:	Aðfaranætur frídaga frá kl:	Aðfaranætur frídaga til
kl:10:00	01:00	10:00	03:00

Afgreiðslutími útveitinga:

Virka daga frá:	Virka daga til:	Aðfaranætur frídaga frá kl:	Aðfaranætur frídaga til
kl:10:00	22:00	10:00	22:00

Hámarksgestafjöldi: 90 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðni þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@sylumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

María Hlín Eggertsdóttir, fulltrúi

Kristinn Jónasson

From: Leyfi - SMV <vesturland.leyfi@sylumenn.is>
Sent: miðvikudagur, 23. apríl 2025 14:34
To: Vesturland - Opinbert netfang; Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; Vinnueftirlitið - VER
Cc: arnar@skerrestaurant.is
Subject: Umsb. Sker Restaurant gistileyfi_2025031221
Attachments: Rekstrarleyfi notendagögn.pdf; teikning_husnaedi_2025-04-10.pdf; (l) Umsagnarbeiðni - Gistileyfi-2025031221.pdf

Góðan dag

Meðfylgjandi er umsagnarbeiðni, rafræn umsókn og teikningar fyrir Sker Restaurant ehf. vegna umsóknar um gistileyfi í flokki II að Ólafsbraut 19, 355 Ólafsvík.

Óskað er eftir umsögnum frá viðtakendum þessa pósts.

Með kveðju / Best regards

María Hlín Eggertsdóttir, fulltrúi TR og SÍ Akranesi / representative TR og SÍ

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28, annari hæð • 300 Akranes • Iceland

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumenn

Sýslumaðurinn á
Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæ
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlit ríkisins
Lögregla á Vesturlandi

Málsnúmer: 2025-031221

Akranesi, 23. apríl 2025

Umsagnarbeiðni - Gistileyfi

Umsækjandi: Sker Restaurant ehf., kt. 550318-1640, Ólafsbraut 19, 355 Ólafsvík,

Forsvarsmáður: Bryndís Ásta Ágústsdóttir, kt. 130578-3069, Efstaleiti 11, 103 Reykjavík.

Sími: 7721305. **Netfang:** bryndisasta@simnet.is

Tegund umsóknar: - Umsókn um leyfi til reksturs Gististaðir í Flokkur II – B Stærra gistiheimili

Heiti staðar: Sker, Ólafsbraut 19., 355 Ólafsvík.

Staðsetning:

Heiti fasteignar:	Fasteignanúmer:	Rýmisnúmer:
Ólafsbraut 19	F2103809	010201


Hámarksgestafjöldi: 52 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðni þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álitu að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@sylumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

María Hlín Eggertsdóttir, fulltrúi



CONTOH RENCANA : RENCANA 1:100



1. Nama :
 2. No. :
 3. Kelas :
 4. Tanggal :
 5. Lokasi :
 6. Judul :
 7. Nama Dosen :
 8. Nama Asisten :
 9. Nama Asisten :
 10. Nama Asisten :

1. Nama :
 2. No. :
 3. Kelas :
 4. Tanggal :
 5. Lokasi :
 6. Judul :
 7. Nama Dosen :
 8. Nama Asisten :
 9. Nama Asisten :
 10. Nama Asisten :

Verifikasi dan validasi dilakukan oleh:
 Dosen Pembimbing :
WHA
 Dosen Pembimbing :
OLAFS BRAUT 19
 Dosen Pembimbing :
 GROUNDING MID 2 HEDER
 BREITING A INDIRA EYRIKOWALJANI

Snæfellsbæ 05.05.2025.

Erindi til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Fyrir hönd Bjarna Vigfússonar eiganda Bjarnarfosskots og Guðmundar Grétars Bjarnasonar eiganda Kálfárvalla óska ég eftir að erindi þetta verði tekið til meðferðar og afgreiðslu á fundi bæjarstjórnar fimmtudaginn 08.05.2025. Óskað er eftir heimild til að ganga frá meðfylgjandi hnitsettri skráningu landamerkja jarða þeirra í ferli hjá HMS og síðan í þinglýsingu.

Landamerki Kálfárvalla hafa ekki verið hnitsett. Í merkjalýsingu, ásamt korti af jörðinni, eru landamerkin óbreytt frá skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Landamerki Bjarnarfosskots hafa ekki verið hnitsett. Í merkjalýsingu, ásamt korti af jörðinni, eru landamerkin óbreytt frá skráningu Náttúrufræðistofnunar Íslands að öðru leyti en því að suðurmörk eru löguð að eldra landamerkjabréfi. Sú leiðrétting er gerð í samráði við umsjáraðila Búða. Landeigandi óskar eftir að stofna skika nefndan Bjarnarfosskot II úr jörðinni Bjarnarfosskoti. Bjarni hefur áhuga á að halda þeim skika og selja Guðmundi Bjarnarfosskot.

Taki bæjarstjórn jákvætt í erindið er óskað eftir heimild til að ganga frá skráningu þegar undirskriftir allra hlutaðeigandi liggja fyrir.

Kær kveðja

Hildigunnur Haraldsdóttir

Hildigunnur Haraldsdóttir merkjalýsandi
arkitekt faí.

Merkjalýsing vegna landamerkja Kálfárvalla í Snæfellabæ, L136220, F2113695.

Merkjalýsing þessi er unnin samkvæmt lögum un skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2021 og regugerð um metki fasteigna 160/2024 fyrir feðgana Bjarna Vigfússon og son hans Guðmund Grétar Bjarnason. Landamerki Kálfárvalla hafa ekki verið hnitsett, svo nú er afmörkun hnitsett og stærð er mæld með það í huga að þinglýsa merkjalýsingu þessari.

Landamerki jarða í Snæfellsbæ voru skráð hjá rannsóknarstofnun landbúnaðarins út frá landamerkjabréfum, af Gylfa Má Guðbergssyni, samhliða gerð gróðukorta á liðinni öld. Landamerki í Snæfellsbæ voru síðar yfirfarin hjá gróðurkortadeild Náttúrufræðistofnunar Íslands (nú Náttúruverndarstofnun), undir umsjón Guðmundar Guðjónssonar, vegna gerðar aðalskipulags Snæfellsbæjar. Við síðustu yfirferð var unnið út frá góðum loftmyndagrunni. Stuðst er við þau landamerki með óverulegum breytingum.

Eignarheimild og þinglýst skjöl

Kálfárvellir, landeignarnúmer L136220, fasteignarnúmer F2113695. Eigandi Kálfárvalla og Tjarna er Guðmundur Grétar Bjarnason, kt. 221089-2949, sjá þinglýst afsal 442-M-000010/2025 og 442-M-000011/2025. Jörðin er 1.372.8 ha að stærð.

Lýsing á verki


Landamerki að norðan eru undanskilin í skráningu þessari, en þau liggja að þegar þinglýstum landamerkjum Kötluholts/Mávahliðar, sjá landamerkjalyýsingu frá Landlínum, þinglýst skjal 414-A000221/2010. Sú lýsing var undirrituð af þáverandi eiganda Kálfárvalla og Bjarnarfosskots, Bjarna Vigfússyni. Mörkin voru fengin á tölvutæku formi frá Landlínum.

Austasti hluti norðurmarka Kálfárvalla liggur að sveitarfélagamörkum að Grundarfjarðarbæ og eru í samræmi við sveitarfélagamörk frá Landmælingum Íslands og sveitarfélagamörk í staðfestu aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar. Ekki er fyrirhugað að breyta þeim mörkum.

Að austan liggur jörðin að landi Böðvarsholts, L136201, F2113555. Þau landamerki eru í samræmi við skráningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands og liggja um skurð að Háabala og Kambshaus/Böðvarsholtshyrnu og áfram efst á hæðarskilum .

Að vestan liggur jörðin að landi Bjarnarfosskots, L136193, F2113521 og eru landamerki í samræmi við skráningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands og liggja um Kálfá.

Að sunnan liggur jörðin að Tjörnum, L197489, F2336051 og eru landamerki í samræmi við skráningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Eigandi Kálfárvalla á einnig Tjarnir.



Kálfárvellir, L 136220, F2113695.

Hnit Kálfárvalla hafa ekki verið hnitsett fyrr. Landamerkjum er ekki breytt og er stærð jarðarinnar 1.372,8 ha.

Hnitaskrá:


01: 292790.8902,489135.7458
02: 291495.0896,493979.2261
03: 291812.9731,494887.5595
04: 293818.5410,495161.1170
05: 294887.9756,494191.0642
06: 294287.8591,491170.0042
07: 294156.4908,490466.0923
08: 293873.6947,488015.1621

Merkjalýsendur:

Hildigunnur Haraldsdóttir
Valgerður Kristmannsdóttir.

Unnið á uppréttan loftmyndagrund frá Loftmyndum ehf. Öll hnit eru í Ísn'93.

Mælikvarði 1:25000 á A-4 blað 



Merkjalýsendur:

Hildigunnur Haraldsdóttir

Valgerður Kristmannsdóttir

Við undirrituð samþykkingum landamerkjabréf þetta og hnitsettan uppdrátt:

**Vottar að rétttri dagseningu,
undirskrift og fjárræði**

F.h. Böðvarshollts:

Margrét Björk Björnsdóttir kt. 060766-3479

Rúnar Atli Gunnarsson kt. 060862-5839

F.h. Bjarnarfosskots:

Sigrún Hafdís Guðmundsdóttir kt. 090460-5449

Bjarni Vigfússon kt. 0906472029

F.h. Tjarna:

Guðmundur Grétar Bjarnason kt. 221089-2949

F.h. Snæfellsbæjar kt. 510694-2441
Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar dags.

Merkjalýsing vegna landamerkja Bjarnarfosskots í Snæfellabæ, L136193, F2113521.

Merkjalýsing þessi er unnin samkvæmt lögum un skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2021 og regugerð um metki fasteigna 160/2024 fyrir feðgana Bjarna Vigfússon og son hans Guðmund Grétar Bjarnason. Landamerki Bjarnarfosskots hafa ekki verið hnitsett. Nú er jörðinni skipt í tvennt, megin hluti verður áfram Bjarnarfosskot og afmarkaður er skiki sem verður Bjarnarfosskot II. Fyrirhugað er að eigandi Kálfárvalla eignist Bjarnarfosskot. Afmörkun er hnitsett og stærð er mæld með það í huga að þinglýsa merkjalýsingu þessari annars vegar fyrir Bjarnarfosskot og hins vegar fyrir skikann Bjarnarfosskot II.

Landamerki jarða í Snæfellsbæ voru skráð hjá rannsóknarstofnun landbúnaðarins út frá landamerkjabréfum, af Gylfa Má Guðbergssyni, samhliða gerð gróðukorta á liðinni öld. Landamerki í Snæfellsbæ voru síðar yfirfarin hjá gróðurkortadeild Náttúrufræðistofnunar Íslands (nú Náttúruverndarstofnun), undir umsjón Guðmundar Guðjónssonar landfræðings, vegna gerðar aðalskipulags Snæfellsbæjar. Við síðustu yfirferð var unnið út frá góðum loftmyndagrunni. Stuðst er við þau landamerki með óverulegum breytingum.

Eignarheimild og þinglýst skjöl

Bjarnarfosskot, landeignarnúmer L136193, fasteignarnúmer F2113521. Eigendur Bjarnarfosskots eru Bjarni Vigfússon, kt. 090647-2029 og Sigrún Hafdís Guðmundsdóttir kt. 090460-5449, sjá þinglýst afsöl 414-A-000193/1986 og 414-A-000841/1993. Jörðin er alls 665.9 ha að stærð, en Bjarnarfosskot II verður stofnað úr jörðinni, svo Bjarnarfosskot verður 616,3 ha og Bjarnarfosskot II verður 49,6 ha.

Lýsing á verki

Landamerki að norðan eru undanskilin í skráningu þessari, en þau liggja að þegar þinglýstum landamerkjum Kötluholts, sjá landamerkjalyýsingu frá Landlínum, þinglýst skjal 414-A000221/2010. Sú lýsing var undirrituð af þáverandi eiganda Kálfárvalla og Bjarnarfosskots, Bjarna Vigfússyni. Mörkin voru fengin á tölvutæku formi frá Landlínum.

Að austan liggur jörðin að landi Kálfárvalla, landeignarnúmer L136220, fasteignarnúmer F2113695 og skilur Kálfá jarðirnar að. Syðsti hluti austur marka liggur að Tjörnum, L197489, F2336051. Þau landamerki eru í samræmi við skráningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Að vestan liggur jörðin að landi Bjarnarfoss, fasteignarnúmer F2113522, landeignarnúmer L197931 og Bjarnarfossi II fasteignarnúmer F2336036, landeignarnúmer L204496 og að Búðum, landeignarnúmer L136196 og fasteignarnúmer F2113544. Landamerki eru í samræmi við skráningu frá Náttúrufræðistofnun Íslands, en með nákvæmari fylgni með farvegi Bjarnarfossgils og Landakotsgils í samræmi við línu frá Ríkiseignum.

Að sunnan liggur jörðin að Búðum, landeignarnúmer L136196 og fasteignarnúmer F2113544. Misræmi var milli skráningar frá Náttúrufræðistofnun Íslands og eldri landamerkjabréfa. Davíð Viðarsson fyrrum byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar mældi inn tvo punkta sem ábúendur þekktu sem landamerkjappunkta, jarðbrú/vörðu og tvo steina í farvegi. Frá steinum stefnir línan í hábungu Kirkjuhóls. Samstaða varð um þessa línu milli landeiganda Bjarnarfosskots og starfsmanna Ríkiseigna vegna Búða.

Unnið á uppréttan loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf. Öll hnit eru í Ísn'93.

Mælikvarði 1:25000 á A-4 blað 



Bjarnarfosskot, L136193, F2113521


Hnit Bjarnarfosskots hafa ekki verið hnitsett fyrr. Landamerki eru löguð að landamerkjalyssingu að sunnan í samráð við umsjónaraðila Búða. Auk þess er landamerkjum breytt að því leyti að stofnaður er skiki Bjarnarfosskot II úr jörðinni. Bjarnarfosskot er 665,9 ha en eftir breytingu verður Bjarnarfosskot 616,3 ha og skikinn Bjarnarfosskot II verður 49,6 ha.

Hnitaskrá:

01: 292025.2430,489253.9810
02: 291957.9259,489308.2802
03: 292261.6137,489854.4818
04: 292070.4055,490261.1914
05: 291393.4299,490045.3704
06: 291211.4821,490120.3211
07: 290360.0441,493317.3807
08: 291495.0896,493979.2261
09: 292790.8902,489135.7458
10: 292748.0211,489008.2298

Merkjalýsendur:

Hildigunnur Haraldsdóttir
Valgerður Kristmannsdóttir.



Merkjalýsendur:

Hildigunnur Haraldsdóttir

Valgerður Kristmannsdóttir

Við undirrituð samþykkingum landamerkjabréf þetta og hnitsettan uppdrátt:

**Vottar að rétttri dagseningu,
undirskrift og fjárræði**

**F.h. Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459
vegna Búða**

F.h. Bjarnarfoss og Bjarnarfoss II:

Sigurður Vigfússon kt. 280153-5409

Sigríður Gísladóttir 021053-3689

F.h. Kálfárvalla og Tjarna:

Guðmundur Grétar Bjarnason kt. 221089-2949

**F.h. Snæfellsbæjar kt. 510694-2441
Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar dags.**

Merkjalýsing vegna landamerkja Bjarnarfosskots II í Snæfellabæ, Lxxxxxx, Fxxxxxxx.

Merkjalýsing þessi er unnin samkvæmt lögum un skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2021 og regugerð um metki fasteigna 160/2024 fyrir feðgana Bjarna Vigfússon og son hans Guðmund Grétar Bjarnason. Samhliða hnitsetningu jarðarinnar Bjarnarfosskots verði stofnuð lítil jörð út úr Bjarnarfosskoti sem fær nafnið Bjarnarfosskot II. Fyrirhugað er að eigandi Kálfárvalla eignist Bjarnarfosskot, en núverandi eigandi Bjarnarfosskots haldi Bjarnarfosskoti II. Afmörkun er hnitsett og stærð er mæld með það í huga að þinglýsa merkjalýsingu þessari fyrir skikann Bjarnarfosskot II.

Landamerki jarða í Snæfellsbæ voru skráð hjá rannsóknarstofnun landbúnaðarins út frá landamerkjabréfum, af Gylfa Má Guðbergssyni, samhliða gerð gróðukorta á liðinni öld. Landamerki í Snæfellsbæ voru síðar yfirfarin hjá gróðurkortadeild Náttúrufræðistofnunar Íslands (nú Náttúruverndarstofnun), undir umsjón Guðmundar Guðjónssonar landfræðings, vegna gerðar aðalskipulags Snæfellsbæjar. Við síðustu yfirferð var unnið út frá góðum loftmyndagrunni. Stuðst er við þau landamerki með óverulegum breytingum.

Eignarheimild og þinglýst skjöl

Bjarnarfosskot II, landeignarnúmer Lxxxxxx fasteignarnúmer Fxxxxxxx verði stofnað úr Bjarnarfosskoti, landeignarnúmer L136193, fasteignarnúmer F2113521 og verði 49,6 ha að stærð. Eigendur Bjarnarfosskots eru Bjarni Vigfússon, kt. 090647-2029 og Sigrún Hafðis Guðmundsdóttir kt. 090460-5449, sjá þinglýst afsöl 414-A-000193/1986 og 414-A-000841/1993. Jörðin er alls 665.9 ha að stærð, en Bjarnarfosskot II er stofnað úr jörðinni svo Bjarnarfosskot verður 616,3 ha og Bjarnarfosskot II verður 49,6 ha.

Lýsing á verki

Skikinn Bjarnarfosskot II er stofnaður úr Bjarnarfosskoti. Landamerki skikans að norðaustan og suðaustan eru að Bjarnarfosskoti.

Að vestan liggur skikinn að Bjarnarfossi, fasteignarnúmer F2113522, landeignarnúmer L197931 og Bjarnarfossi II, fasteignarnúmer F2336036, landeignarnúmer L204496.

Að suðaustan liggur skikinn að Búðum, landeignarnúmer L136196 og fasteignarnúmer F2113544. Það var misræmi milli skráningar frá Náttúrufræðistofnun Íslands og eldri landamerkjabréfa. Davíð Viðarsson fyrrum Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar mældi inn tvo punkta sem ábúendur þekktu sem landamerkjapunkta og frá tveimur steinum stefnir línan í hábungu Kirkjuhóls. Samstaða varð um þessa línu milli landeiganda Bjarnarfosskots og starfsmanna Ríkiseigna vegna Búða.

Unnið á uppréttan loftmyndagrunn frá Loftmyndum ehf. Öll hnit eru í Ísn'93.

Mælikvarði 1:25000 á A-4 blað 



Bjarnarfosskot II, Lxxxxxx, Fxxxxxxx


Hnit Bjarnarfosskots eru hnitsett í fyrsta sinn og samhliða skráningu landamerkja er stofnaður skikinn Bjarnarfosskot II úr jörðinni. Landamerki eru löguð að landamerkjalýsingu að sunnan í samráð við umsjónaraðila Búða. Bjarnarfosskot er fyrir stofnun Bjarnarfosskots II alls 665,9 ha en eftir skráningu verður Bjarnarfosskot 616,3 ha og Bjarnarfosskot II verður 49,6 ha.

Hnitaskrá:

01: 291957.9259,489308.2802
02: 291511.1400,489668.1990
03: 291439.2239,489757.8983
04: 291393.4299,490045.3704
05: 292070.4055,490261.1914
06: 292261.6137,489854.4818

Merkjalýsendur:

Hildigunnur Haraldsdóttir
Valgerður Kristmannsdóttir.



Merkjalýsendur:

Hildigunnur Haraldsdóttir

Valgerður Kristmannsdóttir

Við undirrituð samþykkingum landamerkjabréf þetta og hnitsettan uppdrátt:

**Vottar að rétri dagseningu,
undirskrift og fjárræði**

**F.h. Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459
vegna Búða**

F.h. Bjarnarfoss og Bjarnarfoss II:

Sigurður Vigfússon kt. 280153-5409

Sigríður Gísladóttir 021053-3689

F.h. Bjarnarfosskots:

Bjarni Vigfússon, kt. 090647-2029

Sigrún Hafðís Guðmundsdóttir kt. 090460-5449

**F.h. Snæfellsbæjar kt. 510694-2441
Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar dags.**

Forvarnarstefna Snæfellsnes 2025-2026

Í málefnum barna til 25 ára aldurs

Forvarnarstefna Snæfellsnes leggur áherslu á fjölskylduna, skólann, skipulagt félagsstarf og heilsueflandi og barnvænt sveitarfélag. Forvarnarstefnan leggur einnig áherslu á jöfn tækifæri barna, vellíðan og samkennd, sterka sjálfsmynd og heilbrigðan lífsstíl.

Lykilaðilar í forvörnum eru; Sveitarfélagið, leik- og grunnskólar sveitarfélagsins, Fjölbrautarskóli Snæfellinga, félagsmiðstöðvar, foreldrafélög, félagsþjónusta, heilsugæsla, íþróttafélög, lögreglan, slökkviliðið, ungmennaráð, félagasamtök, nemendafélög, HSH, aðildarfélag og aðrir sem koma að barna- og unglíngastarfi.

Markmið með forvarnarstefnu

Lykilaðilar í forvörnum á Snæfellsnesi skulu skilgreina hlutverk sitt á þessu sviði og setja sér stefnu í forvörnum sem er í samræmi við forvarnarstefnu Snæfellsnes. Þar þarf að koma fram meðal annars hvernig framkvæmd áætlunarinnar sé háttað og þá þurfa meginmarkmið Snæfellsnes einnig að nást.

Markmiðin eru:

- * Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna að gera.
- * Að styðja við starfsemi sem sinnir barna-, ungmenna- og fjölskyldustarfi á einn eða annan hátt.

- * Að forvarnir verði skipulagður þáttur í starfi félaga og stofnana sem koma að málefnum barna og unglunga í sveitarfélaginu.
- * Að auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.
- * Að vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum og annarri áhættuhegðun.

Lykilaðilar skulu hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- * Að vinna að því að styrkja og efla samskipti, sjálfsmynd barna og sjálfstæði.
- * Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu, til dæmis með námskeiðum, fundum og fræðsluefni sem og samráði og samvinnu þeirra á milli þar sem foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum.
- * Að efla uppeldis- og forvarnarhlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglungum.
- * Að þátttaka, ábyrgð og virkni séu lykilorð í starfi félagsmiðstöðva ungs fólks. Þar skal unnið að viðfangsefnum sem styrkja sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Félagsmiðstöðvar skulu sérstaklega reyna að ná til þeirra sem ekki stunda annað skipulagt tómskundastarf.
- * Að stuðla að fræðslu um forvarnir, kynheilbrigði og lýðheilsu sem víðast í sveitarfélaginu, svo sem í skólum og á vinnustöðum.

- * Að foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, meðal annars með fræðslufundum og samstarfsfundum.
- * Að unnið verði náíð að forvarnarstarfi með lögreglu.
- * Að haft verði samráð við börn og ungmenni í sveitarfélaginu sem nýtist til stefnumótunar og að meta hvernig tekist hefur til í forvarnarstarfinu.

Framkvæmd

Nefndir sem fara með forvarnarmálin í hverju sveitarfélagi, mun hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar. Haldnir verða reglubundnir samstarfsfundir þar sem þeir sem vinna að barnvænu sveitarfélagi, forvörnum-, lýðheilsu-, og uppeldismálum miðla upplýsingum og undirbúa samstarfsverkefni.

- * Aðgerðaráætlun skal unnin að hausti.
- * Félög sem sinna íþróttu- og æskulýðsmálum og njóta styrkja frá sveitarfélaginu geri forvarnaráætlanir og sinni forvörnum með markvissum hætti og félögin skili inn til HSH.
- * Allar samkomur og skemmtanir sem börn hafa aðgang að skulu vera vímuefnalausar. Þær eiga að vera á forsendum barna og í forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum í húsnæði við hæfi.

- * Markvisst verður boðið upp á kynfræðslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum sveitarfélagsins.
- * Styðja við virkni barna og ungmenna með fjölbreyttu framboði íþrótta- og tómstundastarfs.
- * Samstarf og samráð skal haft á milli lykilaðila og forvarnarhóps um fræðslu fyrir börn og forsjáraðila.
- * Vekja skal athygli á útivistartíma barna.

Stefnan skal endurskoðuð fjórða hvert ár en í þetta sinn næst haustið 2026.

Forvarnarteymi Snæfellsnes

Agnes H Sigurðardóttir. Starfs- og námsráðgjafi í FSN

Dagný Ósk Guðlaugsdóttir. Hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir í Grundarfirði

Gísli Pálsson. Forvarnarfulltrúi í FSN

Gunnhildur Gunnarsdóttir. Framkvæmdastjóri HSH

Hafþór I Þorgrímsson. Samfélagslögregla á Snæfellsnesi

Halldóra Unnarsdóttir. Umsjónarmaður tómstundastarfs í Snæfellsbæ

Ingveldur Eypórsdóttir. Forstöðumaður hjá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Kristfríður Rós Stefánsdóttir. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi í Snæfellsbæ

Kristgeir Kristinsson. Sjómaður í Snæfellsbæ

Laufey Brá Jónsdóttir. Prestur í Grundarfirði

Magnús Bæringsson, Ítrótta- og tómstundafulltrúi í Stykkishólmi


Ólafur Ólafsson, Íþróttá- og tómstundafulltrúi í Grundarfirði
Sigrún Ólafsdóttir. Verkefnastjóri hjá Félags- og skólajónustu
Snæfellinga.

Sigurdís Sandra Jóhannsdóttir. Leikskólinn í Snæfellsbæ

Vilborg Lilja Stefánsdóttir. Aðstoðarskólastjóri Gr
Snæfellsbæjar

Þóra Margrét Birgisdóttir. Skólastjóri Gr Stykkishólms

ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTEFNA SNÆFELLSBÆJAR



SNÆFELLSBÆR

Stefna Snæfellsbæjar í íþróttá- og tómsundamálum

Markmið sveitarfélagsins með íþróttá- og tómsundastarfi er:

- að sem flestir taki þátt í íþróttá- og tómsundastarfi.
- að stuðla að jafnrétti, vinna gegn fordómum og efla forvarnir.
- að skapa sveitarfélaginu jákvæða ímynd og gera það enn eftirsóknarverðara til búsetu og þjónusta íbúa eftir fremsta megni.

Með eftirfarandi stefnumörkun er markaður rammi utan um þau hlutverk sem sveitarfélaginu er ætlað að sinna í íþróttá- og tómsundamálum í samfélaginu. Skýr stefna tryggir að allir sem starfa að íþróttá- og æskulýðsmálum stefni í sömu átt með það að markmiði að efla íþróttá- og tómsundastarf í Snæfellsbæ.

Það er mikilvægt í hverju samfélagi að það sé fjölbreytt íþróttá- og tómsundastarf. Slíkt starf er ein af grunnþörfum hvers samfélags. Hlutverk þessarar stefnu er að styðja við almenna heilsueflingu og efla það íþróttá- og tómsundastarf sem fram fer í Snæfellsbæ en þátttaka barna og ungmenna í slíku starfi hefur óumdeilt forvarnargildi Snæfellsbær er heilsueflandi samfélag og hefur m.a. lagt áherslu á uppbyggingu íþróttamannvirkja og aðstöðu til heilsueflingar auk stuðnings við félög sem standa að íþróttá- og tómsundastarfi.

Félög sem standa að íþróttá- og tómsundastarfi í sveitarfélaginu skulu hafa mótaða stefnu í sínu starfi. Sveitarfélagið hvetur félög til að setja sér slíka stefnu, sé hún ekki til staðar, og reyna að vinna að sömu eða sambærilegum markmiðum og fram koma í þessari stefnu.

Íþróttá- og tómsundastefna Snæfellsbæjar 2025-2027 var samþykkt af bærarstjórn XX. XXX. 2025

Stefna þessi skal endurskoðuð á tveggja ára fresti.

Íþróttá- og æskulýðsnefnd Snæfellsbæjar

Íþróttastarf barna og unglunga

Markmið:

- Allt íþróttastarf skal stuðla að góðri líðan og heilsu barna og unglunga.
- Börn og unglingar skulu hafa jafnan aðgang að íþróttastarfi í sveitarfélaginu.
- Börn og unglingar kynnist fjölbreyttum íþróttagreinum.

Leiðir:

- Að bæta og styðja við íþróttaaðstöðu fyrir fjölbreytta íþróttastarfsemi svo að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Að hvetja skóla, félög og aðra aðila sem bjóða uppá íþrótt- og tómstundastarf að vera í samráði þegar verið er að skipuleggja stunda- og tímatöflur svo að börn og ungmenni gefist kostur á að stunda fleiri en eina íþrótt- og/eða tómstundagrein.
- Halda áfram að styðja við íþróttafélögin með styrkjum/fjárframlögum.
- Halda áfram að veita frístundastyrki fyrir öll börn og unglunga á aldrinum 0-20 ára vegna þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.
- Halda áfram að ná til barna og foreldra af erlendum uppruna með fræðslu og upplýsingagjöf í samstarfi við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.
- Að þjálfarar skrifi undir starfs- og siðareglur íþróttafélaga og leggi áherslu á virðingu og gleði í öllu starfi með börnum og foreldrum.
- Kröfur um menntun og hæfni þjálfara og leiðbeinenda séu skilgreindar.

-
- Börn, foreldrar, þjálfara og aðrir sýni virðingu og gleði í samskiptum, vinna saman að því að útrýma einelti og sýni heilbrigðan metnað í keppnisferðum og þjálfun.
 - Halda áfram með rútusamgöngur milli þéttbýliskjarna svo börn og ungmenni í sveitarfélaginu hafi aðgengi að íþróttá- og tómstundastarfi, ásamt því að halda áfram með akstursstyrk til íbúa í dreifbýli vegna íþróttá- og tómstundastarfs barna í þéttbýli.

Almenningsíþróttir

Markmið:

- Að íbúum á öllum aldri gefist kostur á að stunda alhliða líkamsrækt og tileinka sér heilbrigða lífshætti.
- Íþróttir og útivist sé kynnt sem mikilvæg forvörn gegn fíkniefnum og sjúkdómum.
- Bæta aðstöðu fyrir hvers konar almennings íþróttaiðkun, auka fjölbreytni og tryggja eldri borgurum góðan aðgang að íþróttamannvirkjum.

Leiðir:

- Halda áfram uppbyggingu göngu-, hjóla-, og reiðstíga í Snæfellsbæ.
- Halda áfram að vinna að því að gefa út kort af sveitarfélaginu og merkja inn á það útivistarsvæði, leiðir og vegalengdir svo aðstaðan sé aðgengileg bæði íbúum og ferðamönnum.
- Að efla ýmsar uppákomur og viðburði sem setja svip á bæjarlífið og hvetja til hreyfingar.
- Að kynna sundlaugar og hvetja fólk almennt til sundiðkunar.
- Að kynna fyrir íbúum möguleika til útivistar og hollrar útiveru.
- Upplýsingar um þá möguleika sem eru til staðar fyrir íþrótt- og tómstundastarf í bæjarfélaginu verði aðgengilegir á heimasíðu sveitarfélagsins og uppfærðar reglulega.
- Að styðja við hópa sem skipuleggja göngu- hjóla- og hlaupaferðir í Snæfellsbæ.
- Halda áfram að vinna að verkefninu heilsueflandi samfélag.

Afreksíþróttir

Markmið:

- Að Snæfellsbær styðji við hæfileikaríkt íþróttafólk þar sem áhersla er lögð á að sem flestir haldi áfram íþróttaiðkun eftir að unglingsárum lýkur.
- Með því móti er hægt að skapa jákvæðar og mikilvægar fyrirmyndir fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu.
- Að sem flestir íþróttamenn geti stundað íþrótt sína á afreksstigi í sveitarfélaginu og auðvelda íþróttamönnum í Snæfellsbæ að ná afreksárangri.

Leiðir:

- Að bjóða íþróttafólki uppá eins góða aðstöðu til iðkunar og kostur er.
- Að styðja við innra starf íþróttafélaga, m.a. með markmiðssetningu, þannig að þau geti unnið saman og með bæjaryfirvöldum að framgangi afreksíþróttar.
- Íþróttafélög sem njóta styrks frá sveitarfélaginu séu með siðareglur og þjálfarar og sjálfbóðaliðar starfi af fagmennsku og fylgi siðareglum í tengslum við æfingar, keppni og annað félagsstarf.
- Að styðja þá aðila sem stunda íþróttir á afreksstigi og auðvelda þeim að ná góðum árangri.
- Að styðja við og aðstoða þá aðila sem stunda íþróttir á afreksstigi með því að sækja um fjárhagsstyrki í samstarfi við HSH og aðildarfélags þeirra.

Tómstundastarf

Markmið:

- Að íbúar á öllum aldri geti stundað uppbyggilegt og öflugt tómstundastarf við sitt hæfi, auðvelda og auka þátttöku eldri borgara og fólks með fötlun.

Leiðir:

- Starfrækt sé öflug félagsmiðstöð fyrir ungmenni þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt og skapandi starf. (Áhersla lögð á að ná til ungmenna sem ekki sækja í íþróttir eða annað skipulagt tómstundastarf.)
- Að ungmenni á aldrinum 16-20 ára hafi aðgengi að félagsmiðstöðinni.



- Að kynna starf þeirra félaga sem starfa að tómsundamálum á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Halda áfram að styðja við félagsstarf ásamt því að styðja við ýmsar uppákomur og viðburði tengda tómsundamálum.
- Að auðvelda nýrri tómsundastarfsemi að komast á legg t.d. með fjárframlögum, ráðgjöf eða aðgengi að húsnæði fyrir starfseminum.
- Halda áfram með rútsamgöngur milli þéttbýliskjarna svo börn og ungmenni í sveitarfélaginu hafi aðgengi að íþrótt- og tómsundastarfi, ásamt því að halda áfram með akstursstyrk til íbúa í dreifbýli vegna íþrótt- og tómsundastarfs barna í þéttbýli.

Kristinn Jónasson

From: Skógfræðingfélag Íslands <skogfraedingar@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 23. apríl 2025 21:08
Subject: Skógar og lýðheilsa
Attachments: Ályktun aðalfundar Skógfræðingafélags Íslands 2025 (SÍS).pdf

Some people who received this message don't often get email from skogfraedingar@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Ágæta sveitarstjórn.

Skógfræðingafélags Íslands óskar eftir að meðfylgjandi ályktun aðalfundar félagsins 25. mars síðastliðinn verði komið á viðeigandi aðila innan ykkar sveitarfélags.

**Með fyrirfram þökk,
Skógfræðingafélag Íslands**



Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands haldinn á Hallormsstað 25. mars 2025 beinir þeirri ábendingu til sveitarstjórna í landinu að græn svæði í þéttbýli eru mikilvæg fyrir lýðheilsu fólks og vill jafnframt minna á mikilvægi þess að sveitarfélög nýti sér sérþekkingu skógfræðinga til að styðja við uppbyggingu grænna svæða í þéttbýli. Skógfræðingafélag Íslands lýsir sig hér með tilbúið til að ræða við og fræða sveitarstjórnir og þá sem fara með umhverfismál hjá sveitarfélögum um uppbyggingu og umhirðu skógarsvæða í og við þéttbýli íbúum til heilla.

Stykkishólmur, 16. apríl 2025

Snæfellsbær

Þakkir frá Héraðsþingi HSH

Á 84. Héraðsþingi HSH, sem haldið var í samkomuhúsinu í Grundarfirði þann 7. apríl, var samþykkt að færa Snæfellsbæ þakkir fyrir stuðninginn við íþróttastarf á aðildarsvæði HSH.

Fyrir hönd stjórnar HSH,

Gunnhildur Gunnarsdóttir
Framkvæmdastjóri HSH

